

FUNDARGERÐ

7. fundur stjórnar FÍSOS haldinn á heimili formanns 8. júní 2012.

Mætt voru: Sigríður Melrós Ólafsdóttir, formaður, Bergsveinn Þórsson, Hildur A. Gunnarsdóttir, Jón Allanson. Haraldur Þ. Egilsson og Arndís Bergsdóttir boðuðu forföll. Þorbjörg Br. Gunnarsdótti ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

1. Farskóli haustið 2012.

JA sagði undirbúning fyrir farskólann í góðum farvegi. Skólinn verður á Akureyri 19. til 21. september n.k. Yfirskrift farskólans að þessu sinni verður: Aðgengi að menningararfinum.

2. Málþing í haust um málefni náttúruminjasafns.

Ákveðið er að halda málþing um málefni náttúruminjasafns í samstarfi FÍSOS og Rannsóknarseturs í safnafræði við HÍ þ. 6. september n.k. í húsnáðunum háskólans. Rætt um að yfirskrift málþingsins skyldi fjalla í víðum skilningi um framtíðarhlutverk náttúruminjasafns og leitast verði eftir að fá fram hugmyndir um framtíðarsýn fyrir safnið. Jafnframt mætti velja fyrir sér hvert væri hlutverk höfuðsafna. Rætt um að þrjár aðilar flyttu framsögu – en ekki er enn ákveðið hverjir það verða. Einnig var rætt um hugsanlega aðila í pallborði. Kanna þarf hver verði kostnaður við málþingið og hvernig hann skiptist.

3. Önnur mál:

Tillaga verðlaunaneftndar safnaverðlauna 2012 um að Þórður Tómasson í Skógum fengi sérstök heiðursverðlaun á safnaveginum í ár: Stjórn FÍSOS bendir á að Þórður hafi þegar verið gerður að heiðursfélaga FÍSOS sem er æðsta viðurkenning félagsins til félagsmanns og mælir því ekki með að veitt verði sérstök heiðursverðlaun til félagsmanna.

Formaður kynnti boð sem félaginu hafa borist erlendis frá:

- A. Boð frá félagi safnamanna í Danmörku um samráðsfund safna á norðurlóðum sem áformað er að halda í Grænlandi í september 2013. Áhugi er að kanna þetta mál betur.
- B. Boð frá félagi safnamanna í Finnlandi um að safnmenn á Norðurlöndum myndu hittast í ágúst 2012 til að bera saman bækur sínar. Áhugavert en tíminn er alltof skammur – og engir peningar fyrirleggjandi til að kosta ferðir fulltrúa á fundinn.

Rætt um í hvers konar formi skýrsla um „breytt hlutverk FÍSOS samkvæmt nýjum safnalögum,“ sem stefnt er að að leggja fram á farskólanum, ætti að vera. Samstarfshópur FÍSOS um breytt hlutverk, hefur lítið fundað undanfarið en það stendur til bóta.

Farið yfir síðustu fundargerð og hún samþykkt.

Flera gerðist ekki og fundið slitið.

Safnabókin: Formaður lagði til að það yrðu umræðu um safnabókina og markaðsetningu safna á farskólanum. FÍSOS er nú aðallega fulltrúi safnamanna en ekki safna. JA benti á að þetta mæti einnig ræða á aðalfundi FÍSOS. Samþykkt að setja þetta mál á dagskrá aðalfundar.

Samþykkt að næsti stjórnarfundur verði í byrjun júní n.k. Fleira gerðist ekki og fundi slitið.